

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

...I.... HLUTI

Prófblað 3 af 3

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Ágrip úr réttarhari (25%)

ATH. Prófið er þrískipt: Sjá sérstök prófblöð vegna, ábyrgðir (25%), Íslensk réttarskipun og Evrópuréttur, fræðikerfi lögfræðinnar (50%)

Prófdagur: 29. október 2011

Kl.: 9:00-13:00

Úrlausnartími: 4 klst.

Prófblöð: 2 (þ.m.t. forsiða)

Leyfileg hjálpargögn: Lög og reglugerðir

Fylgiblöð:

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar, notaðu öll leyfileg hjálpargögn og farðu vandlega yfir úrlausnir þínar áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er hér átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs, í Reykjavík.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ALLAR LAUSAR PRÓFARKIR SKULU TRYGGILEGA AUÐKENNDAR MEÐ PRÓFNÚMERE ÞÍNU.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

RITGERÐARSPURNINGU SKAL SVARAÐ Á LAUSUM PRÓFÖRKUM,
SEM TRYGGILEGA SKULU MERKTAR PRÓFNÚMERE PRÓFTAKA,
EN KROSSASPURNINGUM SKAL SVARAÐ Á PRÓFBLAÐINU SJÁLFU.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

Ágrip úr réttarfari (25%)

A. Ritgerðarspurningar (15%)

1. Greinið frá réttaráhrifum þess að bú skuldara sé tekið til gjaldþrotaskipta (8%).
2. Útskýrið í stuttu máli eftirfarandi hugtök tengd sönnun í meðferð einkamála (7%):
 - (a) Sönnunargögn
 - (b) Sönnunarbyrði
 - (c) Sönnunarmat

B. Fullyrðingar (10%)

Einungis er eitt rétt svar við hverri krossaspurningu.

Gefið er 2,5% fyrir hvert rétt svar.

Dregið er frá 0,75% fyrir rangt svar.

Ef ekki er tekin afstaða til fullyrðingar telst svarið hvorki rétt né rangt.

Lesið fullyrðingarnar vandlega yfir áður en svarað er.

1. Hver eftirtalinna fullyrðinga er **rétt**:
 - () Á Íslandi eru dómstigin þrjú; héraðsdómstólar, samningsbundnir gerðardómar og Hæstiréttur Íslands.
 - () Sú lögfræðilega spurning hvort lög standist stjórnarskrá má bera undir dómstóla, hvort sem stefnandi í málinu hefur lögvarða hagsmuni af því að fá úr því skorið eða ekki.
 - () Héraðsdómari skal að jafnaði leita sátta milli aðila máls, en dómur hans í málinu verður þó ekki ómerktur af æðra dómi þótt hann geri það ekki
 - () Dómsúrlausnum héraðsdóms er ávallt hægt að áfrýja til Hæstaréttar.
2. Hver eftirtalinna fullyrðinga er **röng**:
 - () Stefna þarf máli inn á rétt varnarþing.
 - () Nauðungarsölu má einungis beita við skipti á protabúum og dánarbúum.
 - () Sýslumenn framkvæma aðfarargerðir.
 - () Mál til greiðslu á kröfu skv. víxli eða tékka er annað hvort hægt að höfða sem almennt einkamál eða skv. sérreglum XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.
3. Stefna og greinargerð í einkamáli eru ekki lagðar fram fyrr en eftir þingfestingu málsins:
 - () Rétt
 - () Rangt
4. Greiðslustöðvun er réttarræði sem gefur kröfuhafa færi á að nota vanefndaúrræði:
 - () Rétt
 - () Rangt